

## LEIÐBEININGAR

# FORELDRASÁTTMÁLINN

Foreldrasáttmálinn er leiðarvísir sem bekkjarfulltrúar og umsjónarkennrar geta nýtt sér til að koma af stað umræðum um hlutverk foreldra í uppeldi og efla skilning á mikilvægi samstarfs og þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna.

### MARKMIÐ FORELDRASÁTTMÁLANS ER TVÍPÆTT.

1. Að vekja foreldra og forráðamenn til vitundar um mikilvægi þess að sýna börnum og unglungum umhyggju, virkan stuðning og setja þeim skýr mörk.
2. Að skapa umræðugrundvöll meðal foreldra barna í ákveðnum bekkjardeildum og fá þá til að sameinast um ákveðin viðmið um hegðun. Með undirskrift sáttmálans staðfesta þeir vilja sinn til að framfylgja þessum viðmiðum eftir því sem kostur er.

Það er mikill stuðningur við starf kennara ef foreldrar fylgjast með, styðja við nám og félagslíf barna sinna, gæta þess að þau komi úthvíld í skólann, sinni heimanámi og taki þátt í bekkjarstarfinu. Að sama skapi er ómetanlegt fyrir kennara að kynnast foreldrum nemenda sinna í gegnum jákvætt og óformlegt samstarf og getur það

auðveldað þeim að vinna með ágreining eða vandamál sem upp geta komið.

Einnig er mikilvægt fyrir foreldra að fá tækifæri til að hittast, heyra frá öðrum hvernig þeir taka á uppeldi og ræða þau gildi og viðhorf sem sett eru fram í Foreldrasáttmálanum. Ef samstaða næst um Foreldrasáttmálann getur hann nýst sem öflugt stuðningstæki í uppeldinu. Rannsóknir benda til að nálgun sem þessi skili árangri. Foreldrarnir ræða síðan og kynna innihald sáttmálans fyrir börnunum þegar heim er komið. Sáttmálinn er hengdur upp í bekkjarstofu og endurskoðaður að ári.

Foreldrasáttmálinn er ekki tæmandi leiðarvísir og leiðbeiningarnar hér að neðan gefa einungis hugmynd um hvernig hægt er að leggja sáttmálann fyrir foreldrahóp.

## 1. Fundarboðun

Æskilegt er að umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar boði sameiginlega til fundar um Foreldrasáttmála. Umsjónarkennari tekur oft að sér að stýra fundinum svo bekkjarfulltrúi þurfi ekki að vera í tveimur hlutverkum. Fagleg þekking og reynsla kennarans getur einnig komið sér vel og afstýrt því að umræður einkennist af neikvæðum sjónarmiðum. Námsráðgjafi skólans gæti einnig stýrt fundi og t.d. tekið að sér fyrirlögn í einum árgangi í ungleingadeild.

- Ákveða fundartíma og fundarstað.
- Boða til fundarins með a.m.k. 2–3 vikna fyrirvara. Ítreka fundarboðið.
- Fundarboð má senda beint heim til foreldra bréfleiðis eða með tölvupósti. Huga þarf að aðgengi foreldra að tölvupósti. Til að tryggja þátttöku sem flestra foreldra má ítreka fundarboðið með persónulegu símtali sem bekkjarfulltrúar gætu tekið að sér.
- Tilgangur fundarins og lengd þarf að koma fram í fundarboði. Gera ætti ráð fyrir 1–1½ tíma með kaffihléi. Einnig er algengt að sáttmálinn sé lagður fyrir á sama tíma og námskynning fer fram að hausti og er þá miðað við að það taki innan við klukkustund.
- Í upphafi fundar er kjörið að láta foreldra kynna sig og segja hvaða barn þeir eiga í bekignum. Biðja fundarmenn að skrá nöfn sín á viðverulista svo hægt sé að sjá hverja vantar. Bekkjarfulltrúar geta þá sent þeim fundargögn síðar.
- Foreldrasáttmálanum er dreift til allra. Umsjónarkennari/fundarstjóri kynnir hann og fer yfir lið fyrir lið með hliðsjón af atriðum í ítarefnislista. Hvatt er til umræðna um hvern lið. Fundarstjóri gætir þess að umræður séu markvissar. Að lokinni yfirferð fá foreldrar um 10 mínútur til að ræða Foreldrasáttmálann í sínum hópi.
- Að lokum er orðið gefið laust um Foreldrasáttmálann. Spurt er hvort allir geti fallist á að sameinast um þau viðmið sem sáttmálinn setur fram og reyna sitt besta til að framfylgja þeim. Foreldrar tilgreina samþykki sitt t.d. með handauppréttingu og staðfesta síðan vilja sinn með undirskrift.
- Foreldrar og/eða forráðamenn skrifa undir sáttmálann sem síðan er hengdur upp í skólanum. Þeir geta komið sér saman um að breyta eða bæta við sáttmálann.

## 2. Framkvæmd

- Huga þarf að uppröðun í stofu eða sal. Hentugt er að raða borðum þannig að 4–6 foreldrar sitji saman við borð.
- Gott er að bjóða upp á kaffi eða aðra hressingu og einfaldast að hafa það á borðum þegar fólkid kemur.
- Byrja á því að bjóða fólk velkomið og útskýra markmið fundarins (sjá inngang að ofan).
- Gott er að segja frá því í upphafi að undirskriftin í lokin sé til að innsigla viðurkenningu foreldra á mikilvægi þeirra atriða sem Foreldrasáttmálinn tilgreinir og vilja þeirra til að gera sitt besta til að fylgja þeim. Ekki er um formlegan samning að ræða.

## 3. Eftirfylgni

- Foreldrar fá eintak af af ítarefni Foreldrasáttmálans með heim.
- Þeir sem ekki komast á fundinn fá Foreldrasáttmálann sendan heim ásamt boði um að koma í skólanum til að skrifa nafn sitt á hann.
- Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar geta minnt reglulega á Foreldrasáttmálann í tengslum við ákveðna atburði í skólanum eða félagslíf bekkjarins. Kjörið er að minna á útvistartímann og svefnþörf í kringum jóla- og páskafrí sem og þegar birta tekur með vorinu. Einnig er upplagt að vekja athygli foreldra á því þegar umræður eru í samfélaginu um uppeldi eða netnotkun.

